



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 4. maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir sameiginlegt sérálit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins sem komu að gerð frumvarpsins.

Stjórn SASS vill sérstaklega árétta að hún telur of langt væri gengið í innleiðingu tilskipunarinnar þar sem skylt er að gera matsáætlun samkvæmt lögum nr. 106/2000 en það er ekki fortakslaus skylda samkvæmt tilskipuninni. Enn fremur eru gerðar athugasemdir við þá tillögu frumvarpsins að stytta gildistíma umhverfismats úr tíu árum í fimm ár. Tíu ár er ekki langur tími þegar um er að ræða flóknar framkvæmdir. Lagt er til að gildistími haldist óbreyttur frá núgildandi lögum eða 10 ár.

Stjórn SASS hvetur til að tillit verði tekið til framangreinds áður en frumvarpið verður samþykkt.

Óskað er eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til þess að fylgja umsögn um frumvarpið eftir.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri